

A 1840/kultur

Flytjandi	Flokkahópur jafnaðarmanna
Afgreiðsla	Norræna þekkingar- og menningarnefndin

Þingmannatillaga um jafnt aðgengi að menntun og velferð fyrir heyrnarskerta á Norðurlöndum**Tillaga**

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar / ríkisstjórna Norðurlanda

að tryggja hreyfanleika heyrnarskertra nemenda og námsmanna á Norðurlöndum með bættum aðbúnaði fyrir heyrnarskerta í skólum og háskólum ásamt því að fjarlægja hindranir í núverandi skólabyggingum jafnframt því sem hönnun nýrra skóla verði algild

að tryggja að allir sem vinna við heilbrigðisþjónustu á Norðurlöndum hafi skilning á heyrnarskerðingu og geti átt samskipti við heyrnarskerta

Bakgrunnur

Samskipti eru öllu fólki mikilvæg. Við þurfum upplýsingar um allt það sem nútímalíf krefst og við þurfum að eiga samskipti til að taka þátt í samfélaginu.

Jafnt aðgengi að opinberri menntun og velferð er grundvallaratriði í norræna líkaninu. Norrænu velferðarkerfin standa frammi fyrir sömu áskorunum og við þurfum að nýta tækifærin til að læra hvert af öðru og leiðrétta mismæmi, stuðla að jafnrétti og vinna gegn mismunum.

Um 14,5 prósent (fjórar milljónir manna) Norðurlandabúa búa við heyrnarskerðingu sem hefur áhrif á daglegt líf þeirra, t.d. í formi einangrunar og brottfalls úr skóla og vinnu. Heyrnarskertir eru fjölbreyttur hópur fólks og æ fleiri glíma við skerta heyrn. Heyrnartengdir kvillar eru ört vaxandi lýðheilsuvandi sem mun aukast enn með hækkandi meðalaldri.

Nám

Börn og ungmenni með skerta heyrn eiga oft erfiðara með þátttöku í námi. Norðurlönd í heild sinni standa frammi fyrir þeirri áskorun að skapa jöfn lífskjör og veita öllum börnum jöfn tækifæri til tjáskipta, óháð fötlun. Þess vegna telur flokkahópur jafnaðarmanna að bæta verði aðbúnað barna og ungmenna í námi innan skólanna og háskólanna, meðal annars í því augnamiði að auka hreyfanleika námsmanna á Norðurlöndum. Í þessu felast hljóðkerfi, hljóðnemar, þráðlaus



heyrnarkerfi og skrifleg túlkun. Norðurlönd þurfa að ráðast í samræmdar aðgerðir til að fjarlægja hindranir í núverandi skólabyggingum jafnframt því sem hönnun nýrra skóla verði algild. Taka ætti upp norska verkefnið „[Veikart for et universelt utformet nærscole 2030](#)„ (*Leiðarvísir að algildri hönnun hverfisskóla 2030*), í öllum norrænu löndunum. Kortleggja þarf alla skóla og fylgja þarf úrbótum eftir í öllum skólum.

Norðurlönd, 4.mái 2020

Anders Kronborg (S)

Annette Lind (S)

Emilia Töyrä (S)

Erkki Tuomioja (sd)

Eva Lindh (S)

Eveliina Heinälouma (sd)

Gunilla Carlsson (S)

Heidi Viljanen (sd)

Henrik Møller (S)

Jorodd Asphjell (A)

Kasper Roug (S)

Lars Mejern Larsson (S)

Martin Kolberg (A)

Nina Sandberg (A)

Oddný G. Harðardóttir (Sf)

Per-Arne Håkansson (S)

Pyry Niemi (S)

Ruth Grung (A)

Stein Erik Lauvås (A)

Thomas Jensen (S)